

Alþingi
Erindi nr. P 138/1374
komudagur 24.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. mars 2010
RH/SLB/011/2010


Efni: Frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, 382. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 2. mars 2010 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Stofnunin fagnar því að lögfest verði aukið eftirlit með atvinnustarfsemi. Fyrirhugað frumvarp er mjög jákvætt skref í að auka eftirlit og samvinnu opinberra stofnana og aðila á vinnumarkaði. Frumvarpið er til þess fallið að gera eftirlit skilvirkara þvert á stofnanir.

Hvað lýtur að Tryggingastofnun þá eru bætur almannatrygginga tekjutengdar og skiptir því öllu máli fyrir stofnunina að fá upplýsingar um það ef bótaþegar gefa ekki upp réttar tekjur sem ákvörðun um bætur er grundvölluð á.

Virðingarfyllt,


Sigríður Lillý Baldursdóttir
forstjóri

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is